

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. mars 2020

Umsögn um þjóðaráttak í landgræðslu, 365. mál.

Landvernd lýst vel á að Alþingi feli umhverfis- og auðlindarráðherra að koma á samstarfi milli stjórnvalda, bænda, Landgræðslunnar, atvinnulífs og almennings sem miði að aukinni þátttöku almennings í kolefnisbindingu og að hefja þar með þjóðaráttak í landgræðslu.

Það verkefni gæti verið margþætt bæði er varðar landnotkun og aðferðir:

- Nýting búfjáráburðar til landgræðslu í stað urðunar, t.d. frá hesthúsaverfum í þéttbýli.
- Auka notkun lífræns áburðar það er fiskimjöls, kjötmjöls og þangmjöls í stað innflutts tilbúins áburðar.
- Hvetja sveitarfélög nú þegar til jarðgerðar úr lífrænum úrgangi sem fellur til við grasslátt og umhirðu gróðurs og stuðla þannig að hringrás lífrænna efna aftur til moldar.
- Hvetja atvinnulíf og sveitarfélög að huga að gildi jarðvegs sem auðlinda og umgangast hann í samræmi við það.
- Heimajarðgerð stunda fjölmargir í sínum heimilisgörðum sem nýtist áfram til ræktunar, í stað þess að keyra garðaúrgangi á gámastöðvar.
- Stjórnvöld hvetja atvinnulíf og almenning til að stunda jarðgerð úr lífrænum heimilisúrgangi.
- Beina því til stjórnvalda að upplýsa atvinnulíf og almenning betur um heimajarðgerð.
- Endurheimt votlendis er í höndum landeigenda og sveitarfélaga. Átaks er þörf til að kynna fyrir landeigendum nauðsyn þess að fylla í skurði á svæðum sem ekki eru í nýtingu.
- Að á jörðum í ríkiseign verði skipulögð landgræðsla opin almenningi.

Við vinnu starfshópsins telur stjórn Landverndar brýnt að eftirfarandi atriði séu höfð í huga:

- Ræktunaraðferðir: Varðandi notkun eiturefna við ræktun að hvetja til þess að draga úr notkun eiturefna og tileinka sé vistvænar aðferðir.

- Hafa verður í heiðri lög og reglur um verndun líffjölbreytni og vistkerfa. Í þjóðarátaki í landgræðslu skal nota innlendar tegundir.
- Mikilvægt er að huga að landslagsvernd við skipulagningu landgræðslusvæða og undanskilja óbyggð víðerni.
- Stýra verður sauðfjárbreit með gangnreyndum aðferðum þannig að:
 - Illa farið land sé ekki beitt, beitarfriðun
 - Svæði í hnignun séu ekki beitt nema í undantekninartilfellum
 - Beitarþol á svæðum í góðu ástandi sé metið af vísindamönnum og farið verði eftir matinu

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri